


Flokkun Eyjafjörður ehf.

Grænt bókhald

vegna ársins 2011



FLOKKUN

Maí 2012

Efnisyfirlit

| | |
|--|---|
| Yfirlýsing stjórnar | 2 |
| Áritun endurskoðenda | 3 |
| Almennar upplýsingar | 4 |
| Afmörkun starfseminnar – Áhrifaþættir í umhverfismálum | 5 |
| Hráefnis- og auðlindanotkun | 7 |
| Framkvæmdir árið 2011 | 7 |


Yfirlýsing stjórnar

Hér birtist skýrsla Flokkunar Eyjafjörður ehf. (Flokkun) um grænt bókhald fyrir urðunarstaðinn á Glerárdal fyrir árið 2011, sbr. reglugerð nr. 851/2002. Starfsemi á urðunarstaðnum við móttöku úrgangs var aðeins í janúar og febrúar 2011. Urðunarstaðurinn var rekinn með undanþágu frá starfsleyfi sem umhverfissráðherra gaf út í júlí 2009. Starfsemin var þó ennþá undir öllum reglum og ákvæðum fyrra starfsleyfis, sem gefið var út af Umhverfisstofnun árið 2004, ásamt ákvæðum reglugerðar 738/2003 um urðun úrgangs. Frá og með 1. mars 2011 var lokað fyrir móttöku úrgangs og því eiga helstu upplýsingar þessarar skýrslu aðeins við þann tíma þegar urðunarstaðurinn var opinn þ.e. janúar og febrúar 2011. Fyrirkomulag urðunar var með hefðbundnum hætti og áfram var aðeins urðað á litlu afmörkuðu svæði.

Eftir 1. mars 2011 tók Akureyrarbær við urðunarstaðnum og hefur alla ábyrgð á svæðinu eftir þann tíma. Til stóð að ljúka helstu framkvæmdum við endanlegan frágang urðunarstaðarins sl. sumar en það náðist ekki. Í samráði við Umhverfisstofnun er stefnt á að ljúka endanlegum frágangi á komandi sumri. Lokunar- og vöktunaráætlun er enn í smíðum en endanleg áætlun kemur að öllum líkindum út fljótlega.

Fyrir hönd stjórnar Flokkunar staðfestir stjórnarformaður þessa skýrslu um grænt bókhald fyrirtækisins.

Akureyri, 22. maí 2012



Eiríkur H. Hauksson

Til stjórnar Flokkunar Eyjafjarðar ehf.


Við höfum tekið að okkur að endurskoða tölur sem fram koma í meðfylgjandi skýrslu sem unnin hefur verið af Flokkun Eyjafjarðar ehf. í samræmi við reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunar okkar.

Endurskoðunin skal skipulögð þannig að nægjanleg víska fáist um að upplýsingar sem fram koma í skýrslunni séu í meginatriðum annmarkalausar. Endurskoðunin felur í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna réttmæti upplýsinga. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að skýrslan gefi glögga mynd af mótteknum úrgangi til félagsins ásamt notkun helstu efna sem valda mengun og eru tilgreind í gildandi starfsleyfi og að skýrslan sé unnin í samræmi við reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Akureyri dags. 22. maí 2012.

Deloitte ehf.


Hólmgrímur Bjarnason

endurskoðandi

Almennar upplýsingar

Flokkun Eyjafjörður ehf. er einkahlutafélag í eigu sveitarfélaga á Eyjafjarðarsvæðinu. Sveitarfélögin eru: Akureyrarbær, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grýtubakkahreppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur.

Stjórn

Eiríkur H. Hauksson, formaður

Helgi Einarsson

Hulda Stefánsdóttir

Kristín Halldórsdóttir

Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir

Forstöðumaður Flokkunar er Ólöf Harpa Jósefsdóttir.

Starfsleyfi

Urðunarstaðurinn á Glerárdal starfaði samkv. undanþágu umhverfisráðherra frá starfsleyfi en jafnframt, eins og áður hefur komið fram, skal hann starfa eftir ákvæðum fyrra starfsleyfis. Rekstaraðili er Flokkun Eyjafjörður ehf. Geislagötu 9, 600 Akureyri. Eftirlit með starfsemi er í höndum Umhverfisstofnunar.

Fyrirtækjaflokkur

Starfsemi fyrirtækisins er urðun úrgangs og fellur þar af leiðandi undir fyrirtækjaflokk 5.4 skv. reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Bókhaldstímabil

Bókhaldstímabilið nær yfir árið 2011 frá 1. janúar til 31. desember. Eins og áður hefur komið fram að starfsemi á urðunarstaðnum var aðeins í janúar og febrúar. Frá og með 1. mars 2011 hefur urðunarstaðurinn verið lokaður fyrir móttöku úrgangs. Þær framkvæmdir sem hafa verið á svæðinu hafa aðeins verið einhverjar tengdar lokun svæðisins og einnig einhverjar í tengslum við fyrirhugaða söfnun metangass. Allar þær framkvæmdir hafa verið í höndum Akureyrarbæjar eða aðila á þeirra vegum.

Afmörkun starfseminnar – Áhrifaþættir í umhverfismálum

Staðsetning og athafnarsvæði

Flokkun rak urðunarstað sem er staðsettur í Glerárdal vestan Akureyrar og hefur litla skrifstofu á Akureyri. Stærð þess svæðis sem urðunarstaðurinn nær yfir er u.þ.b. 1 hektari. Á urðunarstaðnum var bílavog og lítið vigtarhús. Eftir að urðun var hætt hafa bæði bílvogin og vigtunarhúsið verið seld.

Þegar komið var með úrgang til losunar var flutningstækið fyrst vigtað, því síðan ekið að losunar svæðinu og farmurinn losaður. Flutningstækið var síðan vigtað aftur að lokinni losun. Allar upplýsingar um farminn og úrgangshafa voru skráðar hjá starfsmanni í vigtunarskúr og bílstjórninn kvittaði fyrir losuninni. Starfsmaður á troðara staðfesti einnig tegundarflokk úrgangsins.

Úrganginum var þjappað í urðunarrein með troðara. Í lok hvers dags er ýmis sett jarðvegur, sandur og gras yfir vinnslusvæðið til varnar forki. Þegar búið var að fylla urðunarrein var henni lokað með jarðvegslagi.

Reksturinn á urðunarstaðnum fór að mestu fram í verktöku og komu starfsmenn urðunarstaðarins frá framkvæmdamiðstöð Akureyrarbæjar.

Skrifstofa Flokkunar er nú staðsett að Geislagötu 9 í ráðhúsi Akureyrarbæjar og þar vinnur 1 starfsmaður. Á vegum skrifstofunnar fer m.a. fram söfnun og skráning úrgangsupplýsinga, upplýsinga- og ráðgjöf til aðildarsveitarfélaga, fyrirtækja og almennings. Sveitarfélögin sjálf reka gámostöðvar, grenndargáma og sjá fyrir úrgangssöfnun hvert í sinni byggð. Þau sjá sjálf til þess að úrgangurinn sé flokkaður og honum komið til ráðstöfunaraðila.

Helstu umhverfisáhrif

Helstu áhrif urðunarstaðarins á umhverfið felast í landnýtingu og losun mengunarefna annars vegar með sigvatni og hins vegar losun til lofta. Þannig getur magn og gerð þess úrgangs sem urðað er haft mikil áhrif. Kappkostað er að nýta það land sem fer undir urðunarstaðinn sem best. Úrgangurinn er þjappaður saman og hann settur í lög hvert yfir annað. Í framtíðarskipulagi er svæðið skipulagt sem útivistarsvæði, með gönguleiðum inn á Glerárdal og upp á fjöllin í nágrenninu.

Úrgangsmagn á árinu 2011

Heildarmagn úrgangs sem barst á urðunarstaðinn á árinu 2011 voru um 2.220 tonn og þar af voru um 1.354 tonn urðuð. Mismunurinn nemur því magni sem fór í endurvinnslu og/eða flutnings, sem hér segir:

| | |
|---|----------|
| • lífrænn úrgangur til moltugerðar (garðaúrgangur, gras og tað) | 388 tonn |
| • Timbur (bæði hreint og óflokkað) | 227 tonn |
| • múrbrot/gler | 249 tonn |
| Samtals | 865 tonn |

Athuga að allt timbur bæði hreint og óflokkað fór til jarðgerðar árið 2011.

Urðaður úrgangur 2001-2010

| Ár | Tonn | Íbúar | Kg/íbúa |
|-------|-------|-------|---------|
| 2001 | 19960 | 21122 | 945 |
| 2002 | 21538 | 21353 | 1009 |
| 2003 | 19699 | 21553 | 914 |
| 2004 | 17509 | 21698 | 807 |
| 2005 | 16614 | 21832 | 761 |
| 2006 | 18906 | 22040 | 858 |
| 2007 | 17684 | 22423 | 789 |
| 2008* | 14977 | 22715 | 659 |
| 2009* | 10403 | 22751 | 457 |
| 2010 | 9638 | 22898 | 421 |

Upplýsingar um íbúafjölda frá Hagstofu Íslands.

* Þau mistök urðu í gerð græns bókhalds fyrir árin 2008 og 2009 að reiknað með öllum íbúum Fjallabyggðar í útreikningum. Nú hafa þeir útreikningar verið leiðréttir.

Hér er tekið saman urðaður úrgangur á fjölda íbúa á svæðinu. Athuga verður að smávægilegt magn af því sem kemur til urðunar er annarsstaðar frá en af starfssvæði Flokkunar, en sá fólksfjöldi sem miðað er við í þessum útreikningum er aðeins frá Eyjafjarðarsvæðinu. Fyrir árið 2010 er þetta gert eins en það gefur samt ekki alveg rétta mynd þar sem farið var að flytja úrgang frá Siglufjarðarluta Fjallabyggðar til urðunar á Glerárdal, eftir að Héðinsfjarðargöngin opnuðu. Af þessum sökum er nokkuð meiri úrgangur að koma til urðunar utan eiginlegs þjónustusvæðis Flokkunar. Þetta magn er samt óverulegt og ekki talið hafa mikil áhrif á þessa útreikninga.

Tölurnar fyrir árið 2011 eru aðeins fyrir janúar og febrúar og því er ekki hægt að bera þær saman við þessar tölur fyrri ára.

Sýnatökur

Þar sem vöktunarferli var ekki frágengið sl. haust var ákveðið í samráði við Umhverfisstofnun að láta gera hefðbundna sýnatöku. ÍSOR sá um hana og var hún framkvæmd í nóvember sl.

Reglulegar rennslismælingar og sýnatöku fyrir leiðnimælingar voru ekki framkvæmdar árið 2011.

Skýrsla ÍSOR með niðurstöðu sýnatöku var send Umhverfisstofnun frá Akureyrarbæ í desember 2011.

Hráefnis og auðlindanotkun

Aðföng og orkunotkun

Aðföng voru keypt til rekstrar eigin tækis (troðara) og rafmagnsnotkun í vigtarskúr. Einnig var rafmagnsnotkun vegna skrifstofunnar en hún er inn í leigu og ekki hefur verið hægt að fá það sundurliðað.

Magn aðfanga:

Díselolía um 3.510 L.

Rafmagn vigtarskúr var 3.087 kWh. í janúar og febrúar en heildin yfir árið var 15.016 kWh.

Í yfirlag á urðunarstaðnum var langmest notað múrbrots- og glersalli en einnig aðeins af moltu og grasi. Ekki eru til tölur yfir þetta magn þar sem þetta er tekið af því sem þegar hefur verið vigtað inn á svæðið og er ekki vigtað sérstaklega fyrir þessa notkun.

Framkvæmdir árið 2011

Eftir að urðun lauk þann 28. febrúar 2011 var urðunarhólfinu lokað til varnar foki. Á vormánuðum var síðan farið í meiri endalegan frágang og rusl tínt af svæðinu. Farið var tvær ferðir þar sem allt laust rusl var tínt af stóru svæði umhverfis urðunarstaðinn. Einnig var allt jarðvegs efni sem hægt var að fá fengið í yfirlag á urðunarsvæðið og fokgirðing tekin niður. Timburmóttökunni sem verið hafði rétt við urðunarstaðinn var lokað og hún flutt á starfssvæði Hringrásar í Ægisnes 1. Enn er verið við lokafrágang á svæðinu og er þá helst það sem vantar að fá nægjanlegt efni í yfirlag. Allur þessi frágangur er í höndum Akureyrarbæjar.